



## Fundargerð

**510. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps  
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,  
fimmtudaginn 29. ágúst 2024.**

### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Elín Heiða Valsdóttir, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti setti fundinn, klukkan 20.11 og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti bauð sérstaklega, þær Elínu Heiðu Valsdóttur og Örnu Guðbjörgu Matthíasdóttur velkomnar, þar sem þær væru að sitja sinn fyrsta sveitarstjórnarfund á þessu kjörtímabili.

### Fundargerðir til kynningar

1. 2408031 - Fjallskilanefnd Austur-Síðu afréttar og Fljótshverfis

*Lögð fram fundargerð Fjallskilanefndar Austur-Síðu og Fljótshverfis frá 21. ágúst 2024, ásamt fjallskilaseðli.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

2. 2408032 - Fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar

*Lögð fram fundargerð Fjallskilanefndar Landbrots- Miðafréttar frá 20. ágúst 2024 ásamt fjallskilaseðli.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

3. 2408028 - Velferðaráð Skaftárhrepps

*Lögð fram fundargerð 1. fundar Velferðaráðs Skaftárhrepps frá 15. ágúst 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

4. 2408010 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

*Lögð fram fundargerð 237. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, frá 20. ágúst 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

5. 2408017 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 611. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), frá 28. júní 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**



6. 2408045 - Félags- og skólapjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu  
*Lögð fram fundargerð 84. fundar stjórnar Félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 26. ágúst 2024.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

#### Mál til kynningar

7. 2408009 - Vinir Vegfarandans

*Lagt fram afrit af áskorun, dagsett 21. ágúst 2024, frá Vinum Vegfarandans til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna fyrirhugaðrar færslu hringvegar í Mýrdal.*

**Erindið lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps ítrekar áskorun sína til Vegagerðarinnar, sem birtist í umsögn sveitarfélagsins sem bókuð var á 501. fundi sveitarstjórnar þann 28. janúar 2024 að Vegagerðin vinni eftir sínum eigin markmiðum um greiðan og öruggan láglendisveg, sem er samkvæmt umhverfismatsskýrslunni nýr láglendisvegur um Mýrdal með jarðgöngum í gegnum Reynisfjall**

8. 2408011 - Consello

*Lagt fram minnisblað frá Consello, dagsett 23. júlí 2024, vegna yfirferðar á tryggingaiðgjöldum Skaftárhrepps.*

**Erindið lagt fram til kynningar.**

9. 2408012 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram afrit af bréfi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 16. ágúst 2024, til handa umsækjanda um tækifærисleyfi vegna viðburðar í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli.*

**Erindið lagt fram til kynningar.**

10. 2408022 - Húsnaðis- og mannvirkjastofnun

*Lagt fram bréffrá Brák íbúðarfélagi, dagsett 29. júlí 2024, þar sem fram kemur að alls bárust 13 umsóknir um íbúðirnar 6 sem félagið á við Skriðuvelli 17 og 19.*

**Erindið lagt fram til kynningar. Sveitarstjóri greindi frá því að Brák hefur nú þegar gengið frá leigusamningum fyrir fimm íbúðir og er fólk þegar farið að flytja inn í þær.**

11. 2408023 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

*Lagt fram minnisblað vegna milliþinganefnda frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), dagsett 5. júlí 2024.*

**Erindið lagt fram til kynningar. Oddviti hvatti sveitarstjórnarfólk til að taka þátt í nefndarstarfi á vegum SASS.**



12. 2408033 - Eignarhaldsfélag Suðurlands  
*Lagðir fram ársreikningar, Eignarhaldsfélags Suðurlands hf.*  
**Erindið lagt fram til kynningar.**
13. 2408034 - Skaftárljós  
*Lagður fram ársreikningur 2023 fyrir Skaftárljós.*  
**Erindið lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða, framlagðan ársreikning og undirritaði hann.**

#### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

14. 2408026 - Erindisbréf Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps  
*Lagt fram erindisbréf Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.*  
**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt erindisbréf Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**
15. 2408027 - Erindisbréf stjórnar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla  
*Lagt fram erindisbréf stjórnar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla.*  
**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt erindisbréf stjórnar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla með áorðnum breytingum.**
16. 2408036 - Kosning í Skipulags- og umhverfisráð skv. 41. gr. nýrra samþykktar Skaftárhrepps.  
**Oddviti gerði grein fyrir málínu. Eftirtaldir voru kjörnir í Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps sem aðalmenn: Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Björn Helgi Snorrason, Guðbrandur Magnússon, Rúnar Þorri Guðnason, Björn Hafsteinsson og Einar Björn Halldórsson.**  
**Varamenn: Guðmundur Vignir Steinsson, Helga Dúnu Jónsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir, Jón Atli Jónsson, Þorbjörg Ása Jónsdóttir, Bjarki V. Guðnason og Ásgerður Gróa Hrafnasdóttir.**  
**Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að Jóhannes Gissurarson verði formaður ráðsins..**
17. 2408037 - Kosning í stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla skv. 41. gr. nýrra samþykktar Skaftárhrepps.  
**Oddviti gerði grein fyrir málínu. Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla sem aðalmenn: Auður Guðbjörnsdóttir, Arna Guðbjörg Matthíasdóttir og Fanney Ásgeirs dóttir.**  
**Varamenn: Auður Eyþórsdóttir, Pálína Pálsdóttir og Rannveig Bjarnadóttir.**  
**Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að Auður Guðbjörnsdóttir verði formaður stjórnarinnar.**



18. 2408040 - Kosning í Byggingarnefnd skv. 41. gr. nýrra samþykkta Skaftárhrepps.

**Oddviti gerði grein fyrir málinu. Eftirtaldir voru kjörnir í Byggingarnefnd sem aðalmenn: Björn Helgi Snorrason, Elín Heiða Valsdóttir og Hörður Eyþórsson**

**Varamenn: Auður Guðbjörnsdóttir, Jóhannes Gissurarson og Broddi Hilmarsson.**

**Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að Björn Helgi Snorrason verði formaður nefndarinnar.**

19. 2408030 - Daggjöld á afrétti 2024

**Sveitarstjórn samþykkti samhljóða erindið á milli funda sinna. Lagt var til að daggjöld á afrétti árið 2024 verði 20.002 krónur. Miðað yrði við sömu upphæð vegna smölunar heimalanda þegar greiða þarf smölun á kostnað landeigenda. Daggjöld árið 2023 voru 18.888 krónur. Undanfarin ár hafa daggjöld verið framreknuð miðað við vísitölu neysluverðs. Vísitala neysluverðs í ágúst 2023 var 597,8 stig en var í júlí 2024 633,2 stig.**

20. 2408021 - Flóð í Leirá og Skálum

*Lögð fram bókun sveitarstjórnar vegna röskunar á samgöngum vegna flóðs í Leirá og Skálum.*

**Oddviti gerði grein fyrir málinu. Eftirfarandi ályktun var samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps,**

**Ályktun Sveitarstjórnar Skaftárhrepps um afleiðingar jökulhlaups og brýna nauðsyn uppbyggingar**

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsir yfir áhyggjum vegna nýlegs jökulhlaups úr Mýrdalsjökli, sem olli miklu tjóni á vegum og landi í héraðinu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetur viðeigandi stofnanir og stjórnvöld til tafarlausra aðgerða til að bæta vöktun og viðbrögð við slíkum náttúruhamförum, með sérstaka áherslu á:**

1. Uppsetningu vatnshæðarmælis við Leirá til að auka viðbúnað við jökulhlaup.
2. Heildaruppfærslu rýmingaráætlana fyrir Álfaver og nærliggjandi svæði, með tilliti til stærri atburða eins og Kötlugoss.
3. Styrkingu innviða svæðisins, þar á meðal boðunarkerfa, löggæslu og heilbrigðisþjónustu, til að tryggja öryggi íbúa og ferðamanna.
4. Uppbygging Fjallabaksleiðar nyrðri sem varaleiðar fyrir þjóðveg 1, sem er lífæð samgangna í héraðinu.
5. Samráð við viðbragðsaðila var ábótavant við skipulag lokunarpósta. Viðbragðsaðilar voru sendir inn á skilgreint hættusvæði sem hafði takmarkað fjarskiptasamband. Skipuleggja þarf lokunarpósta og staðsetningu þeirra og efla þarf fjarskiptasamband.



Sveitarstjórn skorar á ráðuneyti og stofnanir að bregðast við yfirvofandi hættu á þjóðvegi 1 vegna ágangs Leirár.

Jafnframt skorar sveitarstjórn Skaftárhrepps á alþingismenn Suðurkjördæmis að vinna saman að því að tryggja fjármagn til nauðsynlegra aðgerða og uppbyggingar í héraðinu.

Áhrif þessa hlaups minna á mikilvægi þess að vernda og styrkja samgönguleiðir og innviði Skaftafellssýslna, til heilla fyrir land og þjóð.

**Greinargerð:**

Skal hér rifjuð upp atburðarrás hlaupsins og viðbrögð við því, auk þess sem farið er í stuttu máli yfir söguna varðandi þær landbreytingar liðinna ára sem urðu þess valdandi að hlaupið kom af fullum þunga í farveg Skálmarinnar og yfir nærliggjandi landssvæði. Upp úr hádegi þann 27. júlí síðastliðinn rofnaði vegsamband á þjóðvegi 1 við ánn Skálm í Skaftárhreppi. Ástæðu þess má rekja til fyrirvaralauss jökulhlaups sem braust undan Mýrdalsjökli í farvegi Leirár. Flæmdist það niður austan Mýrdalssands, braut þar mikið land, ásamt því að ógna búsmala. Afleiðingarnar að líkindum gríðarlegar, munu ekki koma að fullu í ljós fyrr en í haust.

Til marks um fyrirvarann þá varð fyrstu vísbendinga vart þegar vatn flæðir orðið yfir þjóðveg 1, í nærri 25 km. fjarlægð frá upptökum hlaupsins. Ljóst er, þrátt fyrir hverskyns mæli og vöktunarþúnað, að litlar sem engar vísbendingar gáfu til kynna hvers vænta mætti.

Ekki er annað hægt en að hugleiða hvað ef stærri atburðir á borð við alvöru Kötlugos myndu bresta á. Má ætla að rík ástæða sé til þess að bæta vöktun m.a. með uppsetningu vatnshæðarmælis nærri upptökum Leirár, uppfæra rýmingaráætlun vegna jarðhræringa í Kötlu (síðast uppfærð 2017) og þá jafnframt að hún innihaldi endurskoðað plan B, varðandi rýmingu íbúa í Álfaveri, og í raun á öllu svæðinu á milli Múlakvíslar og Kúðafljóts. Yfirlara og styrkja boðunarkerfi almannavarna, en dæmi er um að íbúar í Álfaveri fréttu af þessum atburði í gegnum fjölmíðla, þegar hann var að miklu leiti yfirmaðinn.

Fjölmargt má af þessum atburði læra og ýmislegt sem betur má fara varðandi alla innviði svæðisins. Allt atvinnulíf Skaftafellssýslna, með ört vaxandi ferðaþjónustu, byggir alfarið á góðum og greiðum samgöngum. Þar leikur þjóðvegur 1 aðalhlutverkið sem eina samgönguleiðin í héraðinu og er vegfarendum því allar bjargin bannaðar ef og þegar til svona atburða kemur. Gríðarleg umferð alla daga ársins kallar á nauðsyn þess að ráðist verði í úttekt á stöðu innviða svæðisins og í framhaldinu bæta úr, þar sem betur má fara. Þar er um að ræða löggaeslu, heilbrigðisþjónustu sem og öryggisviðbragð nærsamfélagsins, hvort sem er í lofti eða á landi. Þá er mjög brýnt að ráðast í lagfæringar á Fjallabaksleið nyrðri, sem notast gæti sem varaleið héraðsins og jafnframt hringtenging landsins, a.m.k. hluta úr árinu. Sagan hefur kennt okkur að stærri atburðir í Kötlu en urðu fyrr í sumar geta lamað vegakerfi héraðsins svo vikum eða mánuðum skiptir.

1584

JG.

SG. AGM



Rétt er að taka fram að Skaftárhreppur gerir ráð fyrir Fjallabaksleið nyrðri sem varaleið héraðsins í öllum sínum skipulagsáætlunum, s.s. í svæðisskipulagi Suðurhálendisins og einnig í endurskoðaðri aðalskipulagstillögu sveitarfélagsins, sem nú er í lokavinnslu.

Ekki er annað hægt en að minnast hér á þær landbreytingar sem orðið hafa undanfarna áratugi á áhrifasvæði Leirár. Landbreytingar sem urðu þess valdandi að meginflóðbylgja hlaupsins kom fram í farvegum Skálmar og ógnaði þar meðal annars verulega brúarmannvirkjum sem engan vegin eru hönnuð til þess að standast slíka áraun. Má til mildi teljast að ekki varð meira tjón á þeim en raun bar vitni. Landbreytingar þessar eru þess eðlis að farvegur Leirár fylltist af gríðarmikilli aurkeilu undan jökli, sem beinir ánni nú út úr sínum aldagamla farvegi. Hvergi nema á aurkeilunni er hægt að hafa áhrif á legu farvegsins og beina ánni til síns fyrra horfs. Ljós er að gríðarleg landeyðing á áhrifasvæði Skálmar/Leirár, hvort sem er af völdum þessa hlaups eða sífelldra breytinga á farvegum jökulvatnsins. Gróflega er talið að um 6000-7000 hektarar lands séu nú þegar innan verulegra áhrifa og fer það svæði enn stækkandi. Þá er orðið mjög stutt í að beinna áhrifa fari að gaeta á þjóðvegi 1 á svæðinu á milli Skálmar og Kúðafljóts. Lega landsins og landhalli þess til suðurs og austurs gerir það að verkum að ógerlegt er að verjast ágangi vatnsins með varanlegum hætti. Ítrekað hafa staðkunnugir heimamenn í Álfaveri varað viðeigandi stofnanir, Landgræðsluna og Vegagerðina, við þessari þróun landbreytinga án teljandi viðbragða. Þá hafa Almannavarnir, jarðvísindamenn og alþingismenn Suðurkjördæmis einnig í gegnum árin verið upplýst um þróun mála.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að beina þeim eindregnu tilmælum til viðeigandi ráðuneyta og stofnana ríkisvaldsins að bregðast við afleiðingum þessa jökulhlaups með viðeigandi hætti, jafnframt því að hlutast til um aðgerðir sem komið geti í veg fyrir sambærilegar aðstæður og upp komu í sumar. Þá er skorað á viðkomandi embætti að bregðast við yfirvofandi aðstæðum á þjóðvegi 1, hvað varðar áframhaldandi ágang Leirár á þá einu samgönguleið okkar Skaftfellinga sem þjóðvegurinn er.

## 21. 2408038 - Refaveiði

**Oddviti lagði fram minnisblað, dagsett 26. ágúst 2024.**

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipta sveitarféluginu upp í fimmtán (15) veiðisvæði og jafnframt samþykkir sveitarstjórn að samið verði við sama veiðimanninn á hverju svæði fyrir sig um veiði á ársgrundvelli. Ennfremur samþykkti sveitarstjórn samhljóða að greiða 16.000 krónur fyrir hvert skott sem skilað er inn af veiðimönnum með samning. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir veiðimönnum og útfæra svæðaskiptingu.

1585

JG.

AGM



22. 2408025 - Minnisblað vegna fasteignamats hlunninda

*Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra Skaftárhrepps, dagsett 22. ágúst 2024, vegna hlunnindamats jarða.*

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Greindi hann frá því að nokkur misbrestur virðist vera á því að nýjustu upplýsingar um arðgreiðslur veiðifélaga til veiðiréttarhafa skili sér til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) svo fasteignamat sé uppfært miðað við nýjustu upplýsingar. Fasteignamat er grundvöllur fasteignaskatts sveitarfélagsins og mikilvægur tekjustofn. Það er einnig sanngirnismál og mikilvægt út frá jafnræðissjónarmiðum að fasteignamat veiðihlunninda sé rétt.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða að fara fram á við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að stofnunin taki til endurmats fasteignamat veiðihlunninda innan Skaftárhrepps samkvæmt heimildum sveitarfélaga þess efnis samkvæmt 32. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, sbr. 31. gr. laganna.

23. 2408020 - Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

*Lagt fram bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), dagsett 8. ágúst 2024, vegna stofnframlags ríkisins á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016.*

Lagt fram beiðni HMS, þar sem til stendur að þeir kaupi fasteign á Kirkjubæjarklaustri.

Lagt er fram erindi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Með erindi þessu frá HMS er óskað eftir staðfestingu sveitarstjórnar Skaftárhrepps á stofnframlagi sveitarfélags vegna íbúðarhúsnæðis á Kirkjubæjarklaustri. Í því samhengi er bent á að það er forsenda fyrir veitingu stofnframlags ríkisins að sveitarfélag þar sem almenn íbúð verður staðsett veiti umsækjanda jafnframt stofnframlag sveitarfélagsins, sbr. 7. mgr. 11. gr. laga nr. 52/2016.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða, stofnframlag sveitarfélagsins sem er skv. 20. gr. reglugerðar númer 183/2020. Stofnframlagið getur falist í beinu framlagi, úthlutun lóðar eða lækkun eða niðurfellingu á gjöldum sem umsækjanda ber að standa skil á til sveitarfélagsins vegna byggingar almennra íbúða.

24. 2408013 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram bréf, dagsett, 15. ágúst 2024, vegna umsagnarbeiðni um tækifærisleysi til handa Félagsheimilinu Tunguseli.*

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila, Auður Guðbjörnsdóttir vék af fundi undir þessum lið.



25. 2408024 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 30. júlí 2024, umsagnarbeiðni um breytingu á gildandi rekstrarleyfis Giljagistingar. Sótt er um breytingu á gildandi rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II H Frístundahús. Staðsetning Giljaland.*

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

26. 2408014 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

*Lagt fram bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), dagsett, 16. maí 2024, vegna Farsældarráðs á Suðurlandi*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða fyrir sitt leiti að taka þátt í Farsældarráði á Suðurlandi.**

27. 2408015 - Arnardrangur hses.

*Lagt fram bréf frá Arnardrangi hses., dagsett 14. ágúst 2024, þar sem boðað er til ársfundar félagsins.*

**Sveitarstjórnin samþykkti á milli funda sinna að Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri sæti aðalfund Arnardrangs hses. og færí með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundinum þann 29. ágúst 2024.**

28. 2408019 - Vottunarstofan Tún

*Lagt fram bréf frá Vottunarstofunni Túni, dagsett 14. ágúst 2024, þar sem boðað er til aðalfundar.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkti á milli funda sinna að veita Gunnari Á Gunnarssyni umboð til setu á aðalfundi Vottunarstofunnar Túns, þann 29. ágúst 2024.**

29. 2408039 - Verkalyðsfélag Suðurlands

*Lagt fram bréf frá Verkalyðsfélagi Suðurlands, dagsett, 14. ágúst 2024 vegna samráðshóps um stöðu og málefni launafólks í Rangárvalla- og Vestur Skafafellssýslu.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps sér sér ekki fært að taka þátt í verkefninu að svo stöddu.**

30. 2408016 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

*Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dagsett, 13. ágúst 2024, þar sem sett eru fram tilmæli um að Félagsheimilið Kirkjuhvoll verði ekki í notkun fyrr en fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar.*

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málínu. Sveitarstjóra er falið leggja fram úrbótaáætlun sem fyrst, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.**



31. 2408018 - Trúnaðarmál

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Niðurstaða málsins færð í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

32. 2408035 - Lántaka

Lögð fram tillaga um að taka 50 milljónir að láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sveitarstjóri lagði fram lánatilboð frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 50.000.000,- til allt að 15 ára. Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánsjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Einari Kristján Jónssyni, sveitarstjóra kt. 150371-5119 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skaftárhrepps að undirrita lánssamning við Lánsjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 01.17.

Jóhannes Gissurarson  
Jóhannes Gissurarson

Elin Heiða Valsdóttir  
Elín Heiða Valsdóttir

Sveinn H. Jenss  
Sveinn Hreiðar Jensson

Arna Guðbjörg Matthíassdóttir  
Arna Guðbjörg Matthíassdóttir

Auður Guðbjörnsdóttir  
Auður Guðbjörnsdóttir